



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn aðgengis- og samráðsnefndar um fræðslu til grunnskóla frá ADHD samtökunum og þátttöku grunnskóla í Bláum apríl/einstökum apríl/Alþjóðlegum degi einhverfra 2. apríl

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar sem haldinn var 7. desember 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn um fræðslu til grunnskóla frá ADHD samtökunum og þátttöku grunnskóla í Bláum apríl/einstökum apríl/Alþjóðlegum degi einhverfra 2. apríl:

Hvað hafa margir grunnskólar fengið fræðslu frá ADHD samtökunum á ári, síðastliðin tvö ár? Hvað hafa margir grunnskólar haldið upp á Bláan apríl/Einstakan apríl/Alþjóðlegan dag einhverfra 2. apríl á ári, síðastliðin tvö ár?

Svar:

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs heldur ekki utan um tölur um fræðslu sem einstaka grunnskólar bjóða sínum starfsmönnum upp á. Hér verður því aðallega fjallað um þá fræðslu sem skrifstofa SFS hefur boðið upp á um nemendur með ADHD og málefni nemenda á einhverfurófi sl. tvö ár. Einnig var aflað upplýsinga hjá Einhverfusamtökunum varðandi Bláan apríl og fræðslu til grunnskóla borgarinnar um einhverfu.

ADHD

Samtökin ADHD hafa á undanförunum tveimur árum fengið styrk að upphæð kr. 700.000.- til að annast fræðslu fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi borgarinnar um nemendur með ADHD. Á sk. Menntastefnumóti sem haldið var í maí 2021 voru samtökin með tvo einnar klst. fræðslufundi með fjarfundasniði fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, þ.m.t. grunnskóla. Annar fundurinn var á íslensku en hinn á ensku. Í ágúst 2021 stóðu samtökin fyrir námskeiði um nemendur með ADHD sem haldið var með fjarfundasniði og voru 90 kennarar skráðir á það námskeið úr samtals 31 grunnskóla í borginni. Í byrjun skólaársins 2022 - 2013 voru samtökin með fjölmennan fræðslufund í samstarfi við skrifstofu SFS fyrir almennt starfsfólk grunnskóla sem haldinn var 18. ágúst 2022 í húsnæði menntavísindasviðs HÍ. Þann fund sóttu um 100 manns úr flestum grunnskólum borgarinnar. Í haustsmiðjum kennara sem haldnar voru í ágúst 2023 var boðið upp á námskeið um nemendur með ADHD í grunnskólum borgarinnar og það námskeið sóttu um 30 kennarar úr samtals 15 grunnskólum.



Fræðsla um einhverfu og Blár apríl

Haft var samband við Einhverfusamtökin til að afla upplýsinga um fræðslu um einhverfu og *Bláan apríl*. Samkvæmt upplýsingum frá Einhverfusamtökunum fengu 8 grunnskólar borgarinnar fræðslu um einhverfu frá þeim árið 2023 en samtökin gátu aðeins gefið upp fjölda heimsókna í grunnskóla það ár. Tveir skólar óskuðu eftir fræðslu tvisvar þannig að samtals var um að ræða 10 fræðsluheimsóknir í grunnskóla.

Varðandi *Bláan apríl* þá taka Einhverfusamtökin að sögn ekki þátt í þeim viðburði því blái liturinn er mjög neikvæður í hugum flestra fullorðinna einhverfra. Hugtakið er sagt koma frá samtökum í Bandaríkjunum sem hafi notað fjármagn sem safnaðist að mestu í „almanatengsl“ og rannsóknir á einhverfu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hana en ekki til að bæta lífsgæði einstaklinga með einhverfu og auka skilning fólks á þörfum þeirra.

Einhverfusamtökin mæla með að í tengslum við 2. apríl sé æskilegt að vera með fræðslu um fjölbreytileika mannlegs lífs en ekki undir merkjum bláa litarins. Einhverfusamtökin hafa tvö síðastliðin ár verið með listviðburð í apríl þar sem eingöngu er kynnt og sýnd list einhverfs fólks og stefnt að því að halda svipaðan viðburð helgina 13.-14. apríl í ár.

Í ágúst 2021 stóð skrifstofa SFS fyrir tveggja daga námskeiði fyrir kennara og fagfólk í grunnskólólum um skólabyrjun nemenda á einhverfurófi. Það námskeið sóttu tæplega 30 kennarar úr 13 grunnskólum borgarinnar.

Að auki hafa deildarstjórar sérkennslu í grunnskólum borgarinnar haft með sér s.k. lærdómssamfélag þar sem þeir fá fræðslu og deila reynslu af skólastarfi nemenda með sérþarfir, s.s. ADHD og einhverfu. Haustið 2023 var Guðlaug Svala Kristjánsdóttir, verkefnastjóri fræðslu hjá Einhverfusamtökunum með erindi og umræður á fundi með deildarstjórum sérkennslu í grunnskólum borgarinnar. Á þann fund mættu 30 deildarstjórar frá jafn mörgum grunnskólum.

Benda má á að starfsfólk í grunnskólum borgarinnar getur einnig sótt ráðgjöf og stuðning vegna barna með ADHD greiningar og barna með greiningu á einhverfurófi til ýmissa sérfræðinga á miðstöðvum borgarinnar en þar er m.a. að finna sálfræðinga, kennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa, talmeinafræðinga o.fl. Þessir sérfræðingar eiga oft sæti í teymum vegna stuðningsþarfa einhverfra barna og þeirra sem eru með hamlandi ADHD einkenni til að styrkja fagmennsku gagnvart þessum nemendahópi.